



## Laugarnes - Kirkjusandur

### LEIÐ IS 2

#### Kynning á leiðinni

Mikill menningararfur felst í byggðinni í Laugarnesi og á búseta þar sögu allt aftur á landnámsöld þegar Laugarnesjörðin byggðist út frá landnámsjörðinni Vík fyrir vestan. Má ætla að náttúrugæði, gott land til ræktunar, bitlendi, sjóræði frá vörinni við Viðeyjarsund og eyjar fyrir utan hafi ráðið miklu og ekki spillti fagurt útsýni til fjalla. Auk Laugarnesbæjarins, sem var setinn langt fram á tíunda áratugs síðustu aldar, byggði biskup þar sína Laugarnesstofu og danskir Oddfellowar Holdsveikraspítala á nítjándu öldinni. Braggahverfi reis við Kirkjusand í seinni heimsstyrjöldinni. Í dag er í Laugarnesinu listasafn og íbúðir. Kirkjusandur á sér styttri sögu en varð á fyrri hluta 20. aldrar athafnasvæði stórhuga manna sem byggðu þar hús fyrir kjöt- og fiskvinnslu, hús sem sum hver standa enn, en hafa fengið nýtt hlutverk. Leiðin að menningararfinum í Laugarnesinu og Kirkjusandi er auðveld ganga fyrir fimmtíu ára og eldri og tekur um eina og hálf klukkustund. Má þó gera ráð fyrir að gangan taki lengri tíma og göngumenn vilji stansa lengur við, þó ekki væri nema til þess að njóta útsýnisins.



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB

**VÖRÐUR**

Fúlatjörn (gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sundlaugarvegjar) .....	3
Gatnamót Laugarnesvegjar og Sundlaugarvegjar .....	3
Gatnamót Laugarnesvegjar og Laugalækjar .....	3
Laugarnesbærinn .....	4
Við Norðurvör .....	4
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar .....	4
Laugarnesspítali (Holdsveikraspítalinn) .....	5
Í grunni Laugarnesstofu .....	5
Við Sæbraut, horft til Kirkjusands .....	6
Neðan Sæbrautar, horft til húss Íslandsbanka .....	6
Neðan Sæbrautar á móti nýbyggingum .....	6

## Varða 1

## Fúlatjörn (gatnamót Kringlumýrarbrautar og Sundlaugarvegjar)



Þar var áður tjörn eða sjávarlón nefnt Fúlatjörn. Fúllækur rann í Fúlutjörn og var farvegur hans ofan úr mýrinni nokkurn veginn þar sem Kringlumýrarbraut er nú. Bakkar lækjarins voru það háir að börn gátu rennt sér þar á skíðum. Náttúruleg strönd var áður nálægt efri brún Sæbrautar. Sæbrautin er þannig á landfyllingu frá Laugarnesi, eins göngustígur og ströndin neðan hennar. Víkin milli Laugarness og Skúlagötu heitir Rauðarárvík. Fúllækur var oftast ekki umtalsverður farartálmi, en gat vaxið í vætutíð og orðið farartálmi. Sögn er um að lækurinn hafi valdi mannskaða í vatnavöxtum. Leiðin milli Reykjavíkur og Þvottalauga var yfir lækinn. Býli var við Fúlutjörn og var búið þar allt fram undir 1960.

## Varða 2

## Gatnamót Laugarnesvegjar og Sundlaugarvegjar



Laugarnesvegjar er gamla aðkoman að Laugarnesi, hét áður Spítalavegjar. Vegur lá áfram á móts við Laugarnesbæinn inn eftir nálægt núverandi legu Kleppsvegjar að Sundagörðum og Kleppi. Frá gatnamótum Laugarnesvegjar og Sundlaugavegjar má sjá að gamli Laugarnesvegjarinn fylgdi núverandi legu hans að Sæbraut, en gömul lega hans þverar Kringlumýrarbraut til vesturs upp að Laugarvegi og kom á hann nálægt gatnamótum við Nóatún. Fyrsta byggðin á þessu svæði varð meðfam Laugarnesveginum og eru nokkur hús niður með Laugarnesveginum elstu húsín á þessu svæði. Sum þeirra eru upprunaleg, hafa þó tekið breytingum. Önnur horfin og ný byggð í þeirra stað. Upp úr 1930 má segja að þarna hafi verið lítið þorp. Um tíma var þessi byggð langt utan samfelldrar byggðar í Reykjavík eins og hún var þá að mestu innan Hringbrautar og Snorrabrautar.

## Varða 3

## Gatnamót Laugarnesvegjar og Laugalækjar



Laugalækur rann ofan úr mýrinni og frá Þvottalaugunum til sjávar um Kirkjusand. Göturnar Laugalækur og Kirkjusandur fylgja nokkuð legu lækjarins. Lækurinn var snemma stíflaður ofar í mýrinni og gerð þar aðstaða fyrir sundiðkun. Nemar úr Lærða skólanum höfðu þar forgöngu sem varð til endurvakningar á kunnáttu í sundi í Reykjavík. Reisulegt íbúðarhús stóð austan við gatnamót Laugalækjar og Laugarnesvegjar. Húsið byggði norskur lifrarbræðslumaður og athafnamaður sem kom til landsins skömmu eftir 1900. Hann hét Rokstad og nefndi húsið Bjarmaland. Niður með Laugalæknum nærri sjávarkambinum var lifrarbræðsla hans, stundum kölluð Grútarbræðslan. Tengsl hans við Laugarnes er líklega þau að kona hans Jóhanna var dóttir hjónanna sem þá byggðu Laugarnesjörðina. Þau fengu allstórt erfðafestuland meðfram

Laugalæk og höfðu þar töluverðan búskap. Húsið er ekki lengur til staðar, en til eru myndir sem sýna hve reisulegt það var.

#### Varða 4

#### Laugarnesbærinn



Frá Laugarnesbænum var útsýni til allra átta og er þar enn myndarlegur bæjarhóll. Líklegt er að hér hafi verið búseta frá árdögum landnámstíma. Laugarnesjörðin var stór og náði allt til Fossvogs og hefur líklega snemma skilist frá jörðinni Reykjavík. Síðar byggðust nálægar jarðir út frá henni. Kirkja var um tíma í Laugarnesi og er steinn þar sem sýnir hvar kirkjan stóð. Umhverfis var grafreitir og er talið að Hallgerður Langbrók liggja þar. Á fyrri hluta 20. aldar bjuggu Þorgrímur og Ingibjörg í Laugarnesbænum og hefur Þorgrímur Gestsson sonarsonur þeirra skrifað sögu þeirra og afkomenda og Laugarnessvæðisins. Laugarnesmenn höfðu hesta Reykvíkinga og aðkomumanna löngum í hagagöngu á stórum svæðum frá Laugavegi og inneftir að Laugardal. Þá voru Laugarnesbræður frumkvöðlar í stofnun Strætisvagna Reykjavíkur hf., sem síðar fór í eigu Reykjavíkur og nefndist þá SVR. Sigurður Ólafsson söngvari og hestamaður og kona hans Inga Einarsdóttir frá Miðdal voru með síðustu ábúendum í Laugarnesi og ólst Þuríður Sigurðardóttir söngkona og listmaður þar upp.

#### Varða 5

#### Við Norðurvör



Við Norðurvör var sjávaraðstaða Laugarness og þar var hjáleiga. Þar er einstakt útsýni til eyjanna úti fyrir og fjallahringur fagur í björtu veðri. Laugarnesjörðin og Engey voru löngum í eigu sama aðila, sem gæti bent til þess að Engey hafi fylgt Laugarnesjörðinni við upphaf hennar. Algengt var að stærri jarðir ættu hjáleigur í landi sínu. Ábúandi hjáleigu greiddi heimajörðinni fyrir hana með afgangi og eða vinnuframlagi. Getið er um þrjár hjáleigur á nesinu. Þær hétu Norðurkot eða Sjávarhólar, Suðurkot og Barnhóll. Tilvalið er að staldra og njóta útsýnis ef veður lofar. Suðurvör var vestan á Laugarnesi út undir Kirkjusandi.

#### Varða 6

#### Listasafn Sigurjóns Ólafssonar



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara, var opnað 1988, sex árum eftir að hann lést og hýsir listaverk sem hann skildi eftir sig eins og höggmyndir, teikningar, frumskissur að verkum hans og heimildir um listamanninn. Sigurjón notaði margskonar efnivið eins og leir, gífs, tré málma, stein og steinsteypu og síðustu árin einning tré og rekavið. Sigurjón fæddist árið 1908 á Eyrarbakka, tók sveinspróf í húsamálun frá

lönskólanum 1927 og hélt síðan til náms við akademíun í Kaupmannahöfn. Sigurjón hlaut ýmis verðlaun í Danmörku og eftir námsdvöl í Rómaborg 1931–32 og lokapróf frá Akademíunni árið 1935 var hann talinn meðal efnilegustu myndhöggvara yngri kynslóðarinnar í Danmörku. Sigurjón bjó sem ungur listamaður í braggahverfinu, Laugarnesskampi, og stóð þar sem listasafnið stendur nú og er safnið verk ekkju hans Birgittu Spur sem breytti vinnustofu hans og hluta af heimili þeirra í safn. Til gamans má nefna að Tove, fyrri eiginkona Sigurjóns, gerði höggmynd úr steini, konumynd, sem var í grunni Laugarnesstofu. Á vestanverðu Laugarnesi á því svæði sem nú er Sæbraut að listasafni Sigurjóns var stórt braggahverfi með tugum bragga. Að stríði loknu voru þeir notaðir sem íbúðir, en á þeim tíma fjölgaði íbúum Reykjavíkur mikið og húsnæði skorti. Búið var þar í bröggum allt fram um 1970. Laugarneskampur var með stærstu braggahverfum í Reykjavík. Aðbúnaður í bröggum var misjafn, oft voru salerni í húsi utan braggans og veitukerfi misgóð. Fólk gat þó náð því að búa tímabundið notalega um sig í bröggunum.

## Varða 7

### Laugarnesspítali (Holdsvækraspítalinn)



Laugarnesspítali tók til starfa sumarið 1898 og má telja það upphaf nútíma spítalareksturs á Íslandi. Oddfellow reglan danska kostaði smíð Laugarnesspítala og var hlutverk hans upprunalega barátta við holdsveiki. Reglan setti kröfur um fagmennsku í rekstrinum og varð það til frampróunar hjúkrunar í landinu. Spítalinn var þá stærsta hús landsins og eitthvert stærsta timburhús sem risið hefur á landinu. Þar voru 60 sjúkrarúm en áætlað er að fjöldi holdsveikra á landinu hafi þá verið um fjórum sinnum fleiri. Á stríðstímanum yfirtók hernámliðið húsið og voru holdsveikir sem enn nutu þar þjónustu færðir á Kópavogshælið. Holdsveikum fækkaði á tímabilinu og var húsið jafnframt notað til annars meðal annars sem almennar íbúðir. Spítalinn brann 1943, var þá í notkun fyrir hernámliðið. Markað er fyrir hvar húsið stóð.

## Varða 8

### Í grunni Laugarnesstofu



Steinhlaðið hús var fullbyggt 1826 fyrir Steingrím Jónsson biskup. Húsið var nefnt Biskupsstofa eða Biskupsstofan í Laugarnesi. Steingrímur bjó þar um sína daga fram til 1845. Valgerður kona hans mun hafa átt Laugarnes, en hún var ekkja Hannesar Finnssonar síðasta biskups í Skálholti. Þá þótti eðlilegt að embættismenn hefðu rúmt jarðnæði til ráðstöfunar. Húsið var steinhlaðið á svipaðan hátt og Viðeyjarstofa, en var einstaklega illa byggt. Því var um kennt að danskir byggingamenn hafi verið ölkærir um byggingartímann. Næsti biskup, á eftir Steingrími, Helgi Thordarsen bjó þar til um 1856, en vegna bágs ástands hússins og fjarlægðar frá Reykjavík og torfæru Fúlalækjar flutti hann í þá nýlega byggt hús við Lækjargötu í Reykjavík. Laugarnesstofa lak og vindur blés inn um



	<p>húsið og á endanum var alfarið gefist upp að búa þar. Um tíma var það sóttvarnarhús.</p>
<p><b>Varða 9</b></p> 	<p><b>Við Sæbraut, horft til Kirkjusands</b></p> <p>Gamla fjöruborðið var nálægt efri brún Sæbrautar og götustæðið og landið sjávarmegin er síðari tíma landfylling. Land hefur verið fært út fyrir botni Rauðarárvíkur, sum staðar allt að 100 metra. Þó má sjá forn fjörumörk við Suðurvör neðan við húsin sem enn standa á vestanverðu Laugarnesi. Landfylling tekur svo við þar utar. Fjaran var kölluð Kirkjusandur og festist það nafn síðar við svæðið allt upp að Laugarnesvegi. Upphaflega var fjaran nefnd Innri og Ytri Kirkjusandur. Dökka húsið innst til vinstri var upphaflega ætlað sem kjötvinnsla en úr því varð ekki og þar er nú listaskóli. Íbúðablokkirnar risu nýlega en áður var þar gisið iðnaðarhúsnæði. Íslandsfélagið hafði þar um langt skeið fiskverkun. Laugalækurinn féll til sjávar um Kirkjusand. Nafnið Kirkjusandur tengist því að Reykjavíkirkirkja átti þar rekarétt. Á þessu svæði var hjáleigan Suðurkot og Suðurvör, sem var önnur aðalvörin á nesinu og var við innri enda sandsins. Upp úr aldamótum 1900 var fiskverkun og fiskþurkun á reitum á þessu svæði. Allur fjörukamburinn milli Fúlalækjar og Laugarness var um tíma notaður til fiskþurkunar</p>
<p><b>Varða 10</b></p> 	<p><b>Neðan Sæbrautar, horft til húss Íslandsbanka</b></p> <p>Stóra húsið þar sem Íslandsbanki hafði aðstöðu var upphaflega byggt og notað sem frystihús. Félagið Júpiter og Mars, sem athafnamaðurinn Tryggvi Ófeigsson stjórnaði, byggði húsið. Umfangsmikil fiskverkun, fyrst saltfiskverkun, var á sjávarkambinum ofan við Kirkjusand. Þar voru í upphafi náttúrleg skilyrði til saltfiskþurkunar, fjörugrjót sem mátti nota án mikilla breytinga til að þurka á saltfisk. Umfangið var það mikið að lagt var spor fyrir flutningsvagna sem fluttu fisk úr húsunum út á fiskþurkunarreitina. Þessi aðstaða og fiskverkunin er upphafleg undirstaða tilurðar þorsins sem reis á ofanverðu Laugarnesi.</p>
<p><b>Varða 11</b></p> 	<p><b>Neðan Sæbrautar á móti nýbyggingum</b></p> <p>Á svæðinu þar sem nú rísa mikil íbúðarhús var áður umfangsmikil fiskvinnsla. Saltfiskur var þurrkaður á gríðarmiklum fiskreitum sem voru upp af fjörunni og inn á svæðið. Þar voru einnig fiskvinnsluhús, einkum ætluð saltfiskverkun, flest byggð af Th. Thorsteinsson. Þar voru fiskhús og síðar þurkhús fyrir saltfisk. Síðustu húsin frá þessum tíma voru rifin er bygging núverandi húsa hófst. Eitt var þó flutt og stendur nú upp af Ægisgarði og er notað sem veitingahús. Á stríðsárunum kom hernámslið bandamanna þar upp herkampi og reis þar lítið braggahverfi sem var notað</p>

sem fangelsi. Einnig risu þar stórar skemmur og stórir braggar. Kanadamenn reistu þar fjórar stórar skemmur sem stóðu allt þar til bygging núverandi húsa hófst. Strætisvagnar Reykjavíkur fengu þarna aðstöðu í undir lok stríðs og voru þar fram á þessa öld. SVR reisti þar stórt verkstæðishús með skrifstofum á efri hæð. Áður hafði risið þar stór þvottastöð til að halda vögnunum hreinum. Þá nýttust eldra húsnæði fyrrum fiskhúsa og svo skemmur frá hernámsliðinu starfsemi SVR um langt skeið.